

----- Forwarded message -----

From: "**Jakob Frímann Magnússon**" <jfm@midborgin.is>

Date: Wed, Nov 29, 2017 at 9:18 PM +0000

Subject: Viðbrögð rekstraraðila við fyrirhuguðum breytingum á fyrirkomulagi gönfugatna á aðventu

To: "Sigurður Björn Blöndal" <sbb@reykjavik.is>

Sæll Sigurður;

Þakka þér fyrir fundinn í dag um þær óvæntu fyrirhuguðu breytingar á göngugötufyrirkomulagi á aðventunni sem við fréttum af í gærkveldi og brugðumst við með því að kanna hug rekstraraðila með tölvupósti.

Eins og ég kvaðst mundu gera, framsendi ég þér hérmeð þau viðbrögð rekstraraðila við hugmyndinni sem bárust okkur fyrir dagslok í dag.

Meðfylgjandi póstur var að berast frá rekstraraðilum göngugötunnar á Skólavörðustíg.

Auk þessa hafa borist fjögur mótmælabréf frá rekstraraðilum á Laugavegi og þrjú meðmælabréf frá rekstraraðilum á Laugavegi og einum efst á Skólavörðustíg.

Neðst í þessum pósti er síðan að finna það bréf sem ég sendi Eddu Ívarsdóttur þ. 7.nóvember sl. með beiðni stjórnar Miðborgarinnar okkar um óbreytta tilhögun milli ára.

Með kveðju,

Jakob Frímann Magnússon
framkvæmdastjóri
Miðborgin okkar
jfm@midborgin.is
Sími 7 700 700

From: Ófeigur Björnsson <ofeigur@ofeigur.is>

Date: Wednesday 29 November 2017 at 18:35

To: Jakob Frímann Magnússon <jfm@midborgin.is>

Subject: Re: Viðhorfskönnun vegna nýrra hugmynda borgaryfirvalda um göngugötur á aðventunni

Sæll Jakob við erum alfarið á móti öllum lokunum í miðbænum fyrir bílaumferð í desember. Með þessum jólalokunum er enn verið að gera aðför að okkur verslunarmönnum. Það má öllum vera ljóst að almenn verslun á undir högg að sækja hérna í miðbænum, það er engu líkara en að borgarstjórnin vilji þess verslun út úr miðborinni eða að hún leggjist af. Í stað þess ætti borginn að greiða götur að verslunum til þess að hérna haldis blómleg miðborg. Laugarvegur, Bankastræti og Skólavörðustígur eru verslunargötur. Þeir sem vilja fara í göngutúr þar sem enginn bílaumferð er geta gengið í hljómskálagarðinum og hringinn í kringum tjörnina.

Undir þetta bréf skrifa.

Ófeigur gullsmiðja, Skólavörðustíg 5
Metal design, Skólavörðustíg 2
Anna María design Skólavörðustíg 3
Boutique Bella Skólavörðustíg 8
Eldur og Ís SKólavörðustíg 2
Guðlaugur A. Magnússon - Silfur- og Skartgripaverslun Skólavörðustíg 10
Igló og Indí Skólavörðustíg 4.
Kaólin Keramik gallerí Skólavörðustíg 5
Kaffifélagið Skólavörðustíg 10
GK Skólavörðustíg 6
Mokkakaffi Skólavörðustíg 3a

Ófeigur Björnsson
Gullsmiðameistri og myndhöggvari
Ófeigur gullsmiðja - Listhús Ófeigs
Skólavörðustíg 5
101 Reykjavík
551 1161
ofeigur@ofeigur.is
www.ofeigur.is

On 28 Nov 2017, at 21:11, Jakob Frímann Magnússon <jfm@midborgin.is> wrote:

Kæri rekstraraðili;

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur lagt fram tillögu varðandi göngugötur á aðventunni.

Stjórn Miðborgarinnar okkar vill bera þá tillögu undir félagsmenn áður en hugmyndin verður lögð fyrir borgarráð n.k. fimmtudag. Þeir sem á annað borð láta sig málið varða mega gjarnan senda viðbrögð sín hið fyrsta með svarpósti á þetta netfang.

Hugmyndin gengur í stuttu máli út á að hafa göngugötur á hefðbundnum göngugötusvæðum á laugardögum og sunnudögum í desember frá kl. 12:00 á hádegi.

Frá og með 14. desember - þegar lengdur opnunartími til kl. 22:00 tekur gildi - er lagt til að göngugötur verði virka daga frá kl. 16:00 síðdegis og gengið útfrá því að flutningi aðfanga sé þá lokið.

Frá og með sama degi er gert ráð fyrir að starfsemi sérstakrar gjaldfrjálsrar jólalestar hefjist um miðborgina frá og með kl. 16:00 sérhvern dag.

Með alúðarkveðjum,

Jakob Frímann Magnússon
framkvæmdastjóri
Miðborgin okkar
jfm@midborgin.is
sími 7 700 700

From: Jakob Frímann Magnússon <jfm@midborgin.is>

Date: Tuesday 7 November 2017 at 22:08

To: Edda Ívarsdóttir <Edda.Ivarsdottir@reykjavik.is>

Subject: Fundur okkar kl. 16:00 á fimmtudag

Sæl Edda;

Vildi staðfesta fund okkar að Kaffitári við Borgartún n.k. fimmtudag kl. 16:00.

Stjórn Miðborgarinnar okkar óskar eindregið eftir því að ekki verði breytt út frá fyrirkomulagi síðustu aðventu og götulokanir verði takmarkaðar við 3 síðustu helgarnar í desember;

9. og 10. desember, 16. og 17. desember og 23. desember – en opið verði á lokasprettinum, sunnudaginn 24. desember.

Við förum nánar yfir þetta á fundi okkar á fimmtudaginn.

M.b.kv.

Jakob Frímann

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.